



Fundargerð

459. fundur sveitarstjórnar Reykshólahrepps

fimmtudaginn 19. nóvember 2020, kl. 15.00

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Árný Huld Haraldsdóttir (ÁHH), Ingimar Ingimarsson (II), Embla Dögg B. Jóhannsdóttir (EDBJ), Jóhanna Ösp Einarsdóttir (JÖE) og Karl Kristjánsson (KK). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er 6 blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið, óskaði eftir öðrum málum á dagskrá og kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðið. Ekkert mál barst, var þá gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins

1. 458. fundur sveitarstjórnar Reykshólahrepps.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða. Sveitarstjórn ákveður að fresta enn íbúafundi sem halda átti í nóvember, vegna aðstæðna. Fundinum er frestað fram í janúar 2021.

2. Skipulags- húsnæðis- og hafnanefnd 10. nóvember 2020.

Varaformaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

2.1 1910006 - Breyting á Aðalskipulagi Reykshólahrepps 2006 - 2018, vatnsaflsvirkjun í Garpsdal.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar og felur skipulagsfulltrúa að senda breytinguna til Skipulagsstofnunar til yfirferðar fyrir gildistöku með auglýsingu í B- deild stjórnartíðinda skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt samhljóða.

2.2 1910006 - Deiliskipulag - Vatnsaflsvirkjun í Garpsdal.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar og felur skipulagsfulltrúa að senda breytinguna til Skipulagsstofnunar til yfirferðar fyrir gildistöku með auglýsingu í B- deild Stjórnartíðinda skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt samhljóða.

2.3 2011007 - Hólar 139594, áform um skógrækt.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

2.4 2011009 - Garpsdalur 139555, stofnun lóðar.

Sveitarstjórn samþykkir stofnun lóðarinnar og töku hennar úr landbúnaðarnotkun eftir stofnun hennar. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt að öðru leiti.

ÁHH vikur af fundi.
Hl tók við fundarstjórn

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkti á fundi sínum þann 8. október sl. afgreiðslu skipulags-, húsnæðis og hafnanefndar sveitarfélagsins dags. 10. september 2020. Þar var lagt til við sveitarstjórn að auglýsingu tillögu að aðalskipulagsbreytingu yrði frestað, að beiðni Skipulagsstofnunar, þar til tillaga að viðauka við Landsskipulagsstefnu lægi fyrir til kynningar. Viðaukinn var lagður fram 13.11.2020.

Þann 9. júní 2020 staðfesti sveitarstjórn Reykhólahrepps niðurstöðu skipulags-, húsnæðis- og hafnanefndar sveitarfélagsins dags. 8. júní 2020 þar sem uppdráttur og greinargerð fyrir breytingu á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018 vegna vindorkugarðs í Garpsdal voru samþykkt og að tillagan skyldi auglýst í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar beindi stofnunin því til sveitarfélagsins með bréfi dags. 28. ágúst 2020 að biðja með að auglýsa tillögu að aðalskipulagsbreytingu þar til tillaga að viðauka við Landsskipulagsstefnu hefur verið lögð fram til kynningar.

Tillaga að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 var lögð fram 13. nóvember sl. og er það niðurstaða sveitarstjórnar að farið hafi verið eftir ábendingu Skipulagsstofnunar um bið þar til áðurnefnd kynning lægi fyrir.

Greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar hefur verið uppfærð í samræmi við inntak og orðalag tillögu að viðauka við Landsskipulagsstefnu.

Sveitarstjórn ítrekar samþykki á uppdrætti og uppfærðri greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa tillöguna samkvæmt þeirri málsmeðferð sem við á skv. skipulagslögum. Frestur til að skila umsögnum um tillöguna verði til 20. janúar. Samþykkt samhljóða.

ÁHH kom aftur inná fund og tók við stjórn.

3. Mennta- og menningarmálanefnd 26. október 2020.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

3.1 2011012 - Reglur um íþrótt- og tómstundastyrki til tekjulágra heimila 2020 - 2021.

Sveitarstjórn samþykkir reglurnar, samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt að öðru leiti.

4. Velferðarnefnd 15. október 2020.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

Sveitarstjórn býður Soffiu Guðrúnu Guðmundsdóttur nýráðinn félagsmálastjóra Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps velkomna til starfa og þakkar Guðrúnu Benónýsdóttur störf hennar í þágu þjónustunnar og sveitarfélagsins.

5. Stýrihópur um byggingu slökkvistöðvar í Flatey 28. október 2020.

II og JÖE fóru yfir fundargerðina.

5.1 1805012 - Slökkvistöð í Flatey.

Sveitarstjórn samþykkir að veita sveitarstjóra og stýrihópi um byggingu slökkvistöðvar umboð til að ganga til samninga við Flateyjarveitur um byggingu slökkvistöðvar í Flatey. Samþykkt samhljóða.

Mál til afgreiðslu

1. 2011013 - Álagning gjalda í Reykhólahreppi 2021.

Lögð er fram eftirfarandi álagningarákvæði.

Álagningargjaldstig útsvars á tekjur ársins 2020 er 14,52%.

Fasteignaskattur A 0,50%

Fasteignaskattur B 1,32%

Fasteignaskattur C 1,65%

Fráveitugjald 0,20%

Vatnsgjald 0,50%

Lóðarleiga 4% (af nýjum lóðum)

Gjalddagar fasteignagjalda eru fimm.

10. febrúar 2021

10. apríl 2021

10. júní 2021

10. ágúst 2021

10. október 2021

Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Sé álagningin 15.000 kr. eða minni er einn gjalddagi, 10. apríl 2021.

Sé álagningin 15.001 til 25.000 kr. eru tveir gjalddagar, 10. febrúar og 10. apríl 2021.

Annars eru gjalddagarnir fimm.

Ellí- og örorkulífeyrisþegar með lögheimili og búsetu í Reykhólahreppi njóta 100% afsláttar

af fasteignaskatti ef árstekjur fara ekki yfir kr. 4.258.000 hjá einstaklingi og kr. 6.150.000 hjá hjónum. Afsláttur er aðeins veittur af einni íbúð hvers gjaldanda og þarf hann að hafa lögheimili í íbúðinni. Ekki þarf að sækja sérstaklega um afsláttinn.

Sveitarstjórn samþykkir álagningu gjalda fyrir árið 2021 samhljóða.

2. 2011014 - 9 mánaða uppgjör og útkomuspá 2020.

Lagt er fram 9 mánaða uppgjör og útkomuspá fyrir árið 2020.

Sveitarstjórn hefur farið yfir gögnin. Útkomuspá hefur verið send Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélags skv. 79. gr. sveitarstjórnarlaga.

3. 2007001 - Fjárhagsáætlun Reykhólahrepps 2021-2024, síðari umræða.

Lögð er fram fjárhagsáætlun fyrir árin 2021 - 2024. Sveitarstjórn frestar samþykkt á fjárhagsáætlun. Aukafundur verði haldinn að viku liðinni. Samþykkt samhljóma.

4. 2011021 - Yfirdráttarheimild á veltureikning Reykhólahrepps.

Lögð fram beiðni sveitarstjóra um yfirdráttarheimild á veltureikning sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn samþykkir að sótt verði um 20 millj. kr. heimild tímabundið til að mæta mánaðarlegum greiðslum útgjalda. Samþykkt samhljóða.

5. 2011015 - Málefni Reykhólahrepps, fundur með Byggðastofnun 10.11.20.

Lagðir eru fram minnispointar frá fundi sveitarstjóra og Vestfjarðarstofu með Byggðastofnun.

Sveitarstjóri fór yfir fundinn sem haldinn var vegna áhyggna af verulegri fækkun íbúa í þorpinu á Reykhólum, með það að markmiði að kanna stöðu sveitarfélagsins gagnvart þeim verkfærum sem Byggðastofnun hefur að geyma.

6. 2011016 - Ráðning hjúkrunarforstjóra við Hjúkrunar- og dvalarheimilið Barmahlíð.

Lagður er fram ráðningasamningur við Steinunni Agnarsdóttur í starf hjúkrunarforstjóra fyrir Hjúkrunar- og dvalarheimilið Barmahlíð frá 1. janúar 2021.

Sveitarstjórn samþykkir ráðninguna og býður Steinunni velkomna til starfa. Samþykkt samhljóða.

7. 2005005 - Stefna Lex lögmanna f.h.Tryggva Harðarsonar á hendur Reykhólahreppi.

Lögð er fram stefna á hendur sveitarfélagsins vegna uppsagnar Tryggva Harðarsonar fyrrverandi sveitarstjóra Reykhólahrepps.

Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu.

Ég legg til að lögfræðingi sveitarfélagsins verði falið að verja hagsmuni sveitarfélagsins í samráði við þá sem stóðu að uppsögninni. Tillagan er samþykkt með þremur atkvæðum. II og KK sátu hjá.

II lagði fram eftirfarandi bókun.

Undirritaður hefur frá upphafi málsins mælt fyrir því að samið verði við Tryggva Harðarson um starfslok hans. Síðan hefur ekkert gerst sem breytir skoðun undirritaðs á því. Undirrituðum þykir afar miður að málið skuli verið komið á þennan stað og mælir enn með því að sest verði niður við samningaborðið og málið klárað áður en það fer fyrir dómstóla. Þetta verði gert svo sveitarfélagið verði ekki af miklum fjármunum vegna lögfræðikostnaðar og möguleikans á að málið tapist fyrir dómstólum. Að öðru leiti vísa ég í fyrri bókanir mínar um þetta mál. Undirritaður situr því hjá við afgreiðslu þessa máls.

8. 2011017 - Ytra mat leikskóla.

Lögð fram umsókn leikskólastjóra um ytra mat á leikskólanum Hólabæ skv. auglýsingu þar um frá Menntastofnun.

Sveitarstjórn samþykkir að umsóknin verði send Menntamálastofnun. Samþykkt samhljóða.

EDBJ viku af fundi, undir 9. lið.

9. 2010002 - Húsnæði undir verslunarrekstur.

Húsnæðið var auglýst til leigu á vef sveitarfélagsins, umsóknarfrestur var til 30. október 2020. Ein umsókn barst frá Helgu Guðmundsdóttur og Arnþóri Sigurðssyni þann 21. október 2020

Sveitarstjóra er falið að ganga til samninga við aðila. Samþykkt samhljóða.

EDBJ kom aftur inná fund.

10. 2011011 - Leigufélagið Bríet og fasteignir Reykhólahepps.

Oddviti fór yfir umræður sem fóru fram á fundi sem haldinn var með Leigufélaginu Bríeti þann 13. nóvember 2020.

Sveitarstjóra falið að senda formlega beiðni til Leigufélagsins Bríetar um kaup á Hólatröð 1 - 3, sveitarstjórn hvetur Reykhóla hses. að gera slíkt hið sama með Hólatröð 5 - 9. Samþykkt samhljóða.

11. 2009019 – Girðingar Kötlulandi.

Lagt er fram bréf frá Bergi Þrastarsyni varðandi endurnýjaðar girðingar á Kötlulandi.

Oddviti og sveitarstjóra falið að semja við Berg. Samþykkt samhljóða.

12. 2011018 - Landsþing Sambands Íslenskra sveitarfélaga 18. desember 2020.

Il mætir á þingið fyrir hönd sveitarfélagsins.

13. 2011021 - Styrkbeiðni - Björgunarsveitin Heimamenn.

Sveitarstjórn samþykkir styrk að upphæð kr. 45.000,- Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

1. 2011019 - Standverðir Íslands.

Lagt fram til kynningar.

2. 2008020 - Fundargerð 30. fundar stjórnar Vestfjarðastofu.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

3. 2011020 - Fundargerð 130. fundar Heilbrigðisnefndar Vestfjarða.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

4. 2005027 - Fundargerð 889. fundar stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 18:00
